 Skipulagsstofnun
Mótt.: 25 júlí 2022
Málnr. 20 21 1 00 45



AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS YTRA 2016-2028

Breytt afmörkun vatnsverndarsvæða

04.10.2021

Br. 29.06.2022



EFLA VERKFRÆÐISTOFA

+354 412 6000 efla@eflais www.eflais

Samþykktir

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra 18. 7. 2022



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun 4. ágúst 2022



SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____


Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

Skipulagsgögn

Greinargerð þessi með forsendum og umhverfisskýrslu.
Skipulagsuppráttur.

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	Skipulagsgögn	5
2	FORSENDUR	5
2.1	Tengsl við aðrar áætlanir	5
2.1.1	Landskipulagsstefna 2015-2026	5
2.1.2	Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028	6
2.1.3	Deiliskipulag	6
2.2	Minjar	6
3	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	6
4	UMHVERFISÁHRIF	7
5	MÁLMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR	7
5.1	Skipulags og matslýsing	7
5.2	Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar	7
5.3	Skipulagsferli	8



UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

2146-017-16-GRG-V03

HÖFUNDUR

Anna Bragadóttir/Ingibjörg Sveinsdóttir

RÝNT

Ásgeir Jónsson

1. INNGANGUR

Rangárþing ytra vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Við gildistöku aðalskipulags, hafði mörkum grannsvæðis verið hnikað til norðvesturs í samræmi við álit ISOR en sú breyting hafið ekki skilað sér í gögn ISOR, sveitarfélags eða til landeiganda. Sveitarfélagið fór því fram á endurskoðun á afmörkun grannsvæðis.

Breyting er gerð á afmörkun grannsvæðis vatnsverndar við Tvíbytnulæk og Kerauga þar sem það minnkar til suðurs, sbr. álit ISOR, dags. 1.9.2021. Fjarsvæði vatnsverndar er lagað að nýjum mörkum.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð verður breyting á uppdrætti. Greinargerð er óbreytt.

2. FORSENDUR

Við endurskoðun Aðalskipulags Rangárþings ytra 2010-2022 var gerð breyting á afmörkun grannsvæðis vatnsverndar við Tvíbytnulæk og Kerauga eftir rannsóknir og skýrslu ÍSOR-2016/067. Sú breyting skilaði sér ekki inn í gögn/heimasíðu ISOR, sveitarfélags eða til landeigenda. Í ljósi þessa óskaði sveitarfélagið eftir því að ÍSOR endurskoðaði afmörkun grannsvæðis vatnsverndar við Tvíbytnulæk og Kerauga.

ÍSOR skilaði skýrslu í september 2021, Minni-Vellir – Afmörkun vatnsverndarsvæðis, þar sem farið er yfir rannsóknir frá árinu 2016 og gerð ný afmörkun grannsvæðis vatnsverndar (Daði Þorbjörnsson, 2021).

2.1 Tengsl við aðrar áætlanir

Við breytingu á aðalskipulaginu er horft til eftirfarandi áætlana:

2.1.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Kafli 2.2.2 Náttúra, menningararfur og heilnæmt umhverfi

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Það getur m.a. falist í stefnu um vistheimt og verndun og eflingu gróðurs og jarðvegs. Jafnframt verði gætt að álagi á vatn og vatnsvernd. Landslagsgreining og vistgerðaflokkun ásamt áætlunum um uppgræðslu lands og vatnaáætlun verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum.

Samræmi breytingarinnar við landsskipulagsstefnu

Breyting á afmörkun vatnsverndarsvæðisins tryggir eftir sem áður heilnæmi vatns í Tvíbytnulæk og Kerauga.

2.1.2 Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Aðalskipulagið var staðfest í okt. 2019. Í aðalskipulaginu er svæðið sem breytingin tekur til skilgreint sem frístundabyggð.

Í aðalskipulaginu segir m.a. um vatnsvernd

- Lögð er áhersla á nægt framboð neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi.
- Áhersla verður á að tryggja vatnsgæði til framtíðar.

Samræmi breytingarinnar við gildandi aðalskipulag

Fyrirhuguð breyting er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um vatnsvernd.

2.1.3 Deiliskipulag

Á svæðinu er í gildi deiliskipulag Stóru-Valla frá árinu 2005. Þar segir í kafla 2.4 Vatnsverndarsvæði:

„Í gildandi aðalskipulagi á svæðinu er stærsti hluti landsins skilgreindur sem vatnsverndarsvæði í flokki II, grannsvæði vatnsbóla. Fyrir liggur tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem felur í sér að norðurmörk vatnsverndarsvæðisins færast til suðurs, eins og fram kemur á deiliskipulagsupprætti. Þessi breyting hefur fengið jákvæða umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands að fengnu áliti Íslenskra Orkurannsóknna (ÍSÖR).“

Samræmi breytingarinnar við gildandi deiliskipulag

Með aðalskipulagsbreytingunni er aftur farið að þeirri breytingu sem stóð yfir þegar gildandi deiliskipulag var gert. Samræmi er því milli breytts aðalskipulags og gildandi deiliskipulags.

2.2 Minjar

Aðalskráning fornminja er langt komin í sveitarfélaginu. Innan svæðisins eru þekktar fornminjar RA458;003) en þar sem breytingin heimilar engar framkvæmdir eru fornminjar ekki í hættu.

3. BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerð er breyting á upprætti.

Breytingar á upprætti:

Afmörkun grannsvæðis vatnsverndar við Tvíbytnulæk (V88) og Kerauga (V89) breytist á norðurmörkum og færast þau til suðurs. Flatarmál þess fer úr 980 ha og verður um 1.004 ha. Fjarsvæði vatnsverndar

stækkar og fer úr 3.443 ha í um 3.632 ha. Frístundabyggðin F65 var áður innan grannsvæðis verður eftir breytingu þessa innan fjarsvæðis vatnsverndar.

4. UMHVERFISÁHRIF

Aðalskipulagsbreytingin fellur ekki undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 þar sem ekki er mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í viðauka. Engu að síður er gerð grein fyrir líklegum áhrifum af breytingunni á umhverfið í samræmi við 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breyting aðalskipulags hefur óveruleg áhrif á náttúrufer, samfélag og minjar. Með breytingunni er verið að minnka grannsvæði vatnsverndar en stækka fjarsvæði og verður frístundabyggð skilgreind á fjarsvæði í stað grannsvæðis vatnsverndar. Áhrif á heilsu vegna mengunar vatnsbólansins er talin óveruleg þar sem stærrí geymslur fyrir mengandi efni eru bönnuð á fjarsvæði. Einnig getur heilbrigðisnefnd gefið út fyrirmæli varðandi umferð á svæðinu, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja skv. reglugerð nr. 533/2001. Rannsóknir ÍSOR sýna að áætlaður rennslistími grunnvatns frá ystu mörkum grannsvæðisins í norðri og vestri sé um 70-80 dagar. Þess ber að gera að vatn á mjög greiða leið frá yfirborði og niður í grunnvatnið í hrauninu innan grannsvæðisins. Jarðvegur er víða þunnur og mengandi efni eiga því greiða leið niður í grunnvatnið. Þó má gera ráð fyrir umtalsverðri þynningu frá jöðrum svæðisins að vatnsbólum við Tvíbytnulæk.

5. MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR

Aðalskipulagsbreytingin er unnin skv. skipulagslögum nr. 123/2010

5.1 Skipulags og matslýsing

Skipulagslýsing var kynnt haustið 2021. Umsagnir bárust frá Landsneti, Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands og Vegagerðinni. Einnig barst athugasemd frá MAGNA Lögmonnum ehf. f.h. Elínar Sigríðar Óladóttur, Heimis Heimissonar og Ásgeirs Kristjáns Ólafssonar.

Við vinnslu aðalskipulagsbreytingarinnar hefur verið tekið tillit til umsagna eftir því sem við á.

5.2 Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar

Umsagnaraðilar við breytinguna eru eftirtaldir:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnslu sveitarfélagsins. Breytingin er unnin í samræmi við 30 - 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og gert ráð fyrir að breytingin taki gildi síðla árs 2022.

5.3 Breyting tillögu í skipulagsferli

Að tillögu Skipulagsstofnunar var kallað eftir áliti Heilbrigðiseftirlits, sem barst 7 apr. 2022 auk þess sem minnisblað ISOR, dags. 4.mars barst einnig. Þar kemur fram afmörkun grannsvæðis vatnsverndar að breyting vatnsverndarsvæðis styrki vernd Kerauga komi til frekari nýtingar þar. Skv. tillögu ISOR eru austurmörk vatnsverndarsvæði færð lengra til austurs en gert var í auglýstri tillögu og er ekki gerð athugasemd við það að hálfu landeiganda.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerir ekki athugasemdir við afmörkun vatnsverndar skv. minnisblaði ISOR.

Fellt er út úr kafla um 5 – Umhverfisáhrif, að ekki verði um frekari nýtingu Kerauga að ræða.


Þá breytast stærðir í kafla 3 um breytingu aðalskipulags, bæði grann- og fjarsvæði vatnsverndar stækka

Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028


Breytt afmörkun vatnsverndarsvæða



Rangárþing ytra



Breytt aðalskipulag



Gildandi aðalskipulag

SKÝRINGAR

ATVINNA OG BYGGÐ

- Íbúðarbyggð
- Frístundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Iðnaðarsvæði
- Verslun- og þjónusta
- Samfélagsþjónusta
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði

SAMGÖNGUR OG VEITUR

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Héraðsvegir og aðrir vegir
- Slóðar
- Gönguleiðir
- Reiðleiðir
- Reiðhjólaleiðir
- Hitaveita
- Ljósleiðari
- Vatnsveita

TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN

- Friðlýstar fornminjar
- Vatnsból
- Vatnsvernd grannsvæði
- Vatnsvernd fjarsvæði

TÁKN TIL SKÝRINGAR

- Landamerki, óviss og ekki tæmandi
- Ræktað land
- Skipulagsmörk
- Svæði sem breytingin nær til

SKIPULAGSGÖGN
Skipulagsuppráttur
Greinargerð með forsendum og umhverfisskýrslu

KORTAGRUNNAR
Loftmyndir frá Loftmyndum
Kortagrunnar: IS50v frá Landmælingum Íslands
Hnitakerfi: ISN93



Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028
Breytt afmörkun vatnsverndarsvæða

VERK:	BLADSTÆRD:	UNNID:	RÝNT:
2146-017-16	A3	IS	AB/ÁJ
MÆLIKVARÐI:	DAGS:	DAGS.BREYT:	
1:50.000	20.09.2021	29.06.2022	

 Skipulagsstofnun

Mótt.: 25 júlí 2022
Málnr.

2021.1.0045